

Samstarfssamningur Háskóla Íslands (HÍ) og Landspítala (LSH)

Aðilar samnings þessa eru Háskóli Íslands (HÍ), kt. 600169-2039 og Landspítali (LSH), kt. 500300-2130, sem er háskólasjúkrahús skv. lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Háskóli Íslands starfar skv. lögum um háskóla nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008. Lögin eru nánar útfærð í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og ýmsum sérreglum sem háskólaráð setur.

Gildistaka þessa samnings er háð samþykki háskólaráðs og framkvæmdastjórnar LSH.

Þessi samningur tekur við af samstarfssamningi aðila frá 27. apríl 2006.

1. Tilgangur samstarfssamnings

Tilgangur samstarfssamnings HÍ og LSH er að skapa umgjörð og sérhæfða aðstöðu fyrir þau svið HÍ sem byggja kennslu, þjálfun og rannsóknir á efnivið og starfsemi háskólasjúkrahússins. Jafnframt er tilgangurinn að efla LSH sem háskólasjúkrahús, þar sem þjónusta, menntun og vísindi eru samofin í daglegu starfi, og að skapa starfsfólki LSH aðstöðu innan HÍ.

2. Samskipti og stjórnun

2.1 Yfirstjórni

Rektor HÍ og forstjóri LSH bera sameinginlega ábyrgð á samningi þessum. Vísinda-, mennta- og nýsköpunarsvið LSH (VMN) og Heilbrigðisvínsindasvið HÍ (HVS) fara með daglega framkvæmd samningsins fyrir hönd samningsaðila.

2.2 Stýrihópur

Aðilar skipa sameiginlegan stýrihóp, sem hefur það hlutverk að:

- Móta stefnu í sameiginlegum málefnum HÍ og LSH og framfylgja henni.
- Hafa yfirumsjón með framkvæmd þessa samnings sem og sérsamninga sem byggja á honum.
- Móta stefnu um námsframboð sem krefst aðstöðu á LSH.

Stýrihópur er skipaður fjórum fulltrúum frá hvorum aðila:

Frá HÍ: Háskólarektor, forseti Heilbrigðisvínsindasviðs HÍ (HVS), forseti Læknadeildar og forseti Hjúkrunarfræðideilda. Háskólarektor skipar þrjá varamenn.

Frá LSH: Forstjóri LSH, framkvæmdastjóri Vísinda-, mennta- og nýsköpunarsviðs LSH (VMN), framkvæmdastjóri lækninga á LSH og framkvæmdastjóri hjúkrunar á LSH. Forstjóri skipar þrjá varamenn.

Stýrihópur heldur fundi á átta vikna fresti og oftar ef þurfa þykir. Komi upp ágreiningur í stýrihóp skal honum vísað til rektors HÍ og forstjóra LSH til úrlausnar. Fundargerðir skulu sendar framkvæmdastjórn LSH og stjórn HVS.

2.3 Aðkoma HÍ að framkvæmdastjórn LSH

Forseti HVS er tengiliður HÍ við framkvæmdastjórn LSH. Hann skal kallaður sérstaklega á fundi framkvæmdastjórnar LSH þegar fjallað er um málefni HÍ eða samstarf stofnananna. HVS skal eiga fulltrúa í valnefnd þegar velja skal framkvæmdastjóra lækninga, hjúkrunar og VMN á LSH. Þessir þrír framkvæmdastjórar skulu hafa akademískt hæfi.

2.4 Aðkoma LSH að stjórn Heilbrigðisvíssindasviðs HÍ

Framkvæmdastjóri VMN er tengiliður við stjórn HVS. Hann skal kallaður sérstaklega á fundi stjórnar HVS þegar fjallað er um málefni LSH eða samstarf stofnananna. LSH skal eiga fulltrúa í valnefndum á vegum HÍ, er ákvarða um störf er tengjast LSH. Þá skal LSH eiga fulltrúa í valnefnd þegar velja skal forseta Heilbrigðisvíssindasviðs. Forstjóri LSH á seturétt á háskólaþingi.

Framkvæmdastjóri lækninga á LSH á seturétt á deildarfundi læknadeilda og framkvæmdastjóri hjúkrunar á LSH, á seturétt á deildarfundi hjúkrunarfræðideilda.

3. Kennsla og menntun

LSH er vettvangur klínískrar kennslu í grunnámi í heilbrigðisvíssindagreinum, svo og framhaldsnáms / sérnáms / viðhaldsnáms, þar sem það á við.

Auk fræðigreina innan heilbrigðisvíssindadeilda HÍ tekur þessi samningur til kennslu og þjálfunar nemenda HÍ í öðrum greinum þegar þurfa þykir.

VMN hefur yfirumsjón með þjónustu LSH við kennslu og rannsóknir á spítalanum í nánu samstarfi við forstöðumenn fræðigreina og forsvarsmenn fræðasviða HÍ svo og framkvæmdastjóra LSH, yfirlækna, deildarstjóra og aðra þá starfsmenn LSH sem að háskólastarfi koma.

3.1 Grunnnám

Nemendur í grunnámi í heilbrigðisvíssindagreinum HÍ fá kennslu og þjálfun í klínísku starfi á LSH undir eftirliti og á ábyrgð sameiginlegra starfsmanna HÍ og LSH, annarra starfsmanna LSH, sem og kennara HÍ.

3.2. Framhaldsnám

HÍ og LSH vinna sameiginlega að eflingu framhaldsmenntunar í heilbrigðisvíssindagreinum og bera á henni ábyrgð. Starfsmenn beggja stofnana annast menntun og leiðsögn nemenda.

3.2.1 Framhaldsmenntunarráð LSH og HÍ

Framhaldsmenntunarráð LSH og HÍ, undir forystu LSH, er ráðgefandi fyrir stofnanirnar um stefnumótun og framkvæmd framhaldsmenntunar í klínískum greinum, m.a. klíníkska þjálfun að loknu háskólaprófi, diplómanám á meistarastigi og nám til sérfræðiviðurkennningar. Jafnframt fjallar ráðið um hvernig staðið skuli að fræðilegu framhaldsnámi, rannsóknarnámi sem fram fer á vegum HÍ og tengist LSH. VMN ber ábyrgð á rekstri ráðsins.

Stofnanirnar eiga hvor um sig fjóra fulltrúa í ráðinu. Framkvæmdastjóri VMN og forseti HVS sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri LSH og rektor HÍ setja ráðinu erindisbréf og er það bréf ígildi samnings stofnananna um rekstur ráðsins.

Samkvæmt yfirlýsingu velferðarráðuneytisins um stöðu framhaldsmenntunarráðs, dags. 10. júní 2010, styður ráðuneytið, ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu, að ráðið verði leiðandi afl að því er varðar stjórnun og stefnu klíníks framhaldsnáms heilbrigðisstéttá á Íslandi.

3.2.2 Sérnám

LSH hefur forystu og ber ábyrgð á skipulagi og að skapa aðstöðu fyrir framhaldsnám til sérfræðiviðurkenningar heilbrigðisstéttá.

3.2.3 Rannsóknanám

Meistara- og doktorsnám er á ábyrgð viðkomandi háskóladeilda. Krefjist námið aðstöðu á LSH fer skipulagning námsins fram í samvinnu og er á ábyrgð deilda HÍ, sameiginlegra starfsmanna HÍ og LSH, annarra starfsmanna LSH, sem og kennara HÍ.

4. Vísindastarf – Vísindasamstarf

4.1 Skipulag sameiginlegrar vísindastarfsemi

4.1.1 Klínískt rannsóknasetur LSH og HÍ

Aðilar munu reka sameiginlega Klínískt rannsóknasetur (clinical research center) á vettvangi VMN með sérstöku samkomulagi. Rannsóknasetrið verður vettvangur fjölbreyttra klínískra rannsókna einstakra heilbrigðisvísindastéttá og ekki síður vettvangur þverfaglegra og þverfræðilegra rannsókna, undirstaða samstarfs og hvetur til myndunar stærri rannsóknahópa (critical mass).

4.1.2 Sameiginlegar rannsóknarstofur / rannsóknarstofnanir

Á grundvelli starfsemi Klínísks rannsóknaseturs LSH og HÍ hafa verið og verða enn frekar stofnaðar sameiginlegar rannsóknarstofur og -stofnanir á skilgreindum sérsviðum.

4.2 Bókasafn LSH – Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ

Aðilar eru sammála um að koma á formlegum samningi um skipulag og rekstur bókasafns LSH þannig að það gegni og hafi stöðu Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ. Með samningnum verði kveðið á um þjónustuhlutverk safnsins fyrir báðar stofnanirnar, aðgangsmál nemenda og starfsmanna sem og kostnaðarskiptingu, með hliðsjón af algengu fyrirkomulagi samsvarandi erlendra bókasafna.

4.3 Umsjón vísindastyrkja og mótframlög

Sú meginregla gildir að styrkir sem sameiginlegir starfsmenn LSH og HÍ afla til rannsókna mynda mótframlag sem rennur til viðkomandi deildar HÍ. Mótframlagið tekur mið af starfshlutfalli viðkomandi við HÍ ef styrkjaumsjón og sjóðabókhald er hjá LSH.

4.4. Hugverkanefnd HÍ og LSH

HÍ og LSH starfrækja sameiginlega Hugverkanefnd sem skipuð er tveimur fulltrúum HÍ og einum fulltrúa LSH. Hugverkanefnd starfar á grundvelli stefnu HÍ og LSH er varða einkaleyfi og fjárhagslega hagnýtingu uppfinninga / nýjunga. Hugverkanefnd setur sér starfsreglur sem rektor HÍ og forstjóri LSH staðfesta. [fylgiskjal 1]

5. Starfsmannamál

5.1 Sameiginlegir starfsmenn (samhliða störf)

Sameiginlegir starfsmenn HÍ og LSH eru þeir sem hafa ráðningarsamning við báðar stofnanir. Þeir geta verið í fullu starfi við aðra stofnunina og í hlutastarfi við hina, eða hlutastarfi við báðar. Skal starfsskylda við hvora stofnun vera að lágmarki fimmtungur af fullu starfi. Stefnt er að því að slíkir starfsmenn verði í einu starfi hjá stofnunum sameiginlega (100% starfi). Forstjóri og rektor skipa sérstakan starfshóp til þess að gera sameiginlega tillögu um mögulega útfærslu og framkvæmd þessa. Skal við það miðað að nýráðningar sameiginlegra starfsmanna verði með framangreindum hætti og að báðir aðilar komi að öllu ferlinu; þ.e. að auglýsingi starfs, vali og ráðningu. Störf þessara starfsmanna að framþróun og stjórnun á sínum fagsviðum á LSH verði metin til stiga í matskerfi HÍ.

5.1.1 Rannsóknamisseri sameiginlegra starfsmanna LSH og HÍ

Þegar sameiginlegir starfsmenn LSH og HÍ sem hafa áunnið sér heimild til rannsóknamisseris (sabbatical) frá sinni háskóladeilda skv. reglum HÍ, skal ákvörðun um rannsóknamisseri starfsmannsins tekin af báðum stofnunum sameiginlega. Að ákvörðun um rannsóknamisseri koma framkvæmdastjóri viðkomandi sviðs á LSH, forstöðumaður fræðasviðs HÍ og framkvæmdastjóri VMN. Þeir skrifa allir undir samning sem byggir á „Reglum Landspítala um greiðslur í rannsóknaleyfi sbr. samninga HÍ og LSH“ sem í gildi eru hverju sinni.

5.2 Tengd staða á LSH – starfstengsl háskólamanna við LSH

Háskólamaður sem fær „tengda stöðu“ er veitt sú aðstaða á LSH, ef mögulegt er, sem honum er nauðsynleg til þess að geta sinnt kennslu- og rannsóknarhlutverki sínu og stjórnun þeirra þátta. Gagnvart LSH hefur viðkomandi starfsmaður HÍ m.a. þær starfsskyldur að taka þátt í uppbyggingu fræðasviðs síns eða sinnar fræðigreinar innan sjúkrahússins, með það að markmiði að styrkja starfsemi spítalans. Í hverju tilviki er gerður sérstakur samningur um tengda stöðu.

5.3 Akademískar nafnbætur

Deildir Heilbrigðisvíndasviðs HÍ, og eftir atvikum deildir annarra fræðasviða HÍ, gefa háskólamenntuðu starfsfólki LSH kost á að sækja um akademískra nafnbót.

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum verði réttindi og skyldur nafnbótarhafa endurskoðaðar með einstaklingsbundnum samningum til aukinna réttinda innan háskólasamfélagsins.

Umsóknarfrestur vegna akademískra nafnbóta skal auglýstur einu sinni á ári (í janúar) og skal afgreiðslu umsókna lokið hverju sinni fyrir sumarleyfi ár hvert. Sjá Reglur um viðurkenningu Háskóla Íslands á akademísku hæfi starfsmanna á Landspítala og veitingu akademískrar nafnbótar, nr. 212/2011. [fylgiskjal 2]

5.4 Starfslokaverkefni prófessora á LSH (emeritus program)

Prófessorar í líf- og heilbrigðisvísindagreinum við HÍ geta átt þess kost eftir starfslok að sinna akademískum verkefnum launalaust á Landspítalanum. HVS og LSH gera sérstakan samning við hvern starfsmann.

5.5 Þátttaka starfsmanna LSH í kennslu

Kennsla er hluti af starfi allra klínískra starfsmanna háskólaspítala. Stjórnendur fræðasviða / fræðigreina HÍ geta í samráði við framkvæmdastjóra sviða, yfirlækna, deildarstjóra og aðra ábyrgðarmenn (klínískrar) þjónustu á LSH, leitað til starfsmanna á LSH og óskað eftir að þeir leiðbeini nemendum í námi á spítalanum. Hér getur verið um að ræða þátttöku í klínískri kennslu, leiðbeiningu við úrlausn ákveðinna viðfangsefna í samræmi við námslýsing og / eða óskir viðkomandi háskólakennara. Þessi verkefni lúta verkstjórn stjórnenda fræðasviða / fræðigreina HÍ og starfsmenn LSH bera ekki ábyrgð á skipulagi kennslu eða prífum. Slíka þátttöku í háskólastarfi á LSH skal skrá sérstaklega og meta til akademísks hæfis.

6. Staða nemenda og skipan náms

6.1 Áætlun um fjölda námsplássa og kennslustunda

Áætlun háskóladeilda um fjölda námsplássa og skiptingu á sérgreinar og deildir, ásamt stundafjölda í klínísku námi, skal liggja fyrir 1. desember ár hvert fyrir næsta háskólaár. Áður en áætlun er lögð fram og við frágang kennsluskrár háskóladeilda, skal haft samráð við framkvæmdastjóra Vísinda-, mennta- og nýsköpunarsviðs LSH.

Háskóladeildir munu leitast við að verða við ábendingum LSH um nýliðun í einstökum heilbrigðisstéttum. Stýrihópur samnings þessa skal móta stefnu um námsframboð sem krefst aðstöðu á LSH, sbr. grein 2.2. Þannig fjallar stýrihópurinn m.a. um tillögur um aukinn nemendafjölda eða aukið námsframboð, sem krefst aðstöðu á LSH. Fulltrúar beggja aðila skulu komast að sameiginlegri niðurstöðu áður en breytingar ná fram að ganga.

6.2 Réttindi og skyldur nemenda

Við upphaf klíníks náms á LSH skulu nemendum kynnt réttindi og skyldur er fylgja námsdvöl á LSH. [fylgiskjal 3]

Nemendur í heilbrigðisvísindagreinum HÍ sem stunda klínískt nám á LSH samkvæmt samningi þessum hafa stöðu sem er sambærileg við stöðu starfsmanna LSH og meðan á náminu stendur njóta þeir tiltekinna réttinda með sambærilegum hætti og starfsfólk LSH.

HVS skal sjá til þess, að áður en nemendur hefja klínískt nám á LSH hafi þeir hlotið nægjanlegan undirbúning til að geta sinnt námi sínu. Á það m.a. við fræðslu um hvernig staðið er að klínískri þjónustu innan veggja spítalans, réttindi heilbrigðisstarfsmanna og þær skyldur er þeir þurfa að gangast undir, kennslu í fagmennsku og fræðslu um meðferð persónuupplýsinga, auk leiðbeininga um notkun helstu tölvukerfa sem notuð eru við klíníkska skráningu á LSH.

Um bólusetningar sem og um framkvæmd annarra tilmæla sóttvarnalæknis fer samkvæmt sértsöku samkomulagi stofnananna. Kostnaður greiðist til helminga af HÍ og LSH.

6.3 Aðstaða og búnaður

LSH leggur til kennsluaðstöðu án endurgjalds, þ.e. fyrirlestrasali og fundaherbergi fyrir nemendur í klínísku starfsnámi á LSH, og hefur umsjón með rekstri þeirra. Á sama hátt leggur HÍ

LSH til fyrirlestrasali og kennslustofur án endurgjalds til fundahalda og atburða eftir því sem við verður komið. Verði af þessu fyrirkomulagi aukakostnaður skal samið um það sérstaklega.

7. Tengsl fræðigreina og fræðasviða HÍ við sérgreinar, deildir og svið LSH

Við ráðningu sameiginlegra starfsmanna LSH og HÍ hafa stofnanirnar náið samráð þannig að hæfstu starfsmennirnir veljist til starfa. Við ráðningu starfsmanna á LSH sé þess gætt að taka tillit til háskólahlutverks spítalans og við ráðningar til HÍ sé þess gætt að starfsmenn LSH njóti réttinda innan skólans í samræmi við hlutverk LSH sem háskólasjúkrahúss. Þegar um er að ræða stjórnunarstöður við báðar stofnanirnar og samkomulag hefur orðið um að ráða einn og sama manninn til að gegna báðum stöðunum, semja stofnanirnar auglýsingu saman og skipa sameiginlega valnefnd. [fylgiskjal 4]

7.1 Forsvarsmenn fræðigreina og forstöðumenn fræðasviða deilda HVS og staða þeirra á LSH

Fræðigrein og fræðasvið innan HVS tengjast að jafnaði einhverri sérgrein, deild og / eða sviði á LSH. Forstöðumaður fræðasviðs / forsvarsmaður fræðigreinar við HÍ tekur þátt í að móta stefnu og afstöðu síns fræðasviðs / fræðigreinar um vísindarannsóknir og uppbyggingu klínískrar þjónustu innan LSH í samræmi við stefnu spítalans og í samvinnu við yfirlækna, deildarstjóra og framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs LSH. Þeir sem eru í forsvari starfseminnar á hvorri stofnun fyrir sig kappkosti að vinna náið saman að skipulagningu og framkvæmd kennslu og vísinda. Reglulegir samráðsfundir og stofnun fagráða eru þættir í því að ná fram þeim markmiðum. [fylgiskjal 5]

7.2 Aðkoma LSH að ráðningu prófessorra, dósenta og lektora í klínískum greinum að HVS

Við val fulltrúa í valnefndir deilda HVS, þegar valdir eru prófessorar, dósentar og lektorar í klínískum greinum, sem m.a. koma að kennslu og starfsþjálfun á LSH, skulu deildir HVS, að undangenginni tilnefningu framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs LSH, skipa fulltrúa LSH í valnefnd af því sviði sem staðan tengist hverju sinni.

7.3 Kennsluklíník HÍ

Kennsluklíník Tannlæknadeildar HÍ og sameiginleg göngudeild nemenda annarra deilda HVS hafa stöðu göngudeilda á LSH samkvæmt sérstöku samkomulagi.

8. Rekstur og fjárhagsábyrgð rekstrarþátta

Unnið verður að því að skýra fjárhagsleg tengsl stofnananna þannig að fyrir liggi hverju sinni upplýsingar um kostnað háskólastarfs á LSH og að fjármunum, sem nauðsynlegir eru til kennslu og akademískra rannsókna á LSH, verði haldið aðgreindum í fjárhagsáætlunum og í uppgjöri spítalans.


Til viðbótar við það sem þegar er tilgreint í samningi þessum verða gerðir samningar um að-gengi sameiginlegra starfsmanna LSH og HÍ, eftir því sem við verður komið, að hugbúnaðar- og forritunarþjónustu á vegum HÍ, um fyrirkomulag og kostnaðarhlutdeild stofnananna við þjálfun nemenda í færnibúðum og hermum og kostnað vegna endurlífgunarnámskeiða.

9. Gildistími og endurskoðunarákvæði

Komi upp ágreiningur um túlkun einstakra þátta samnings þessa skal honum skotið til stýrihóps til umfjöllunar og úrskurðar. Samningurinn kemur til endurskoðunar ef forsendur samningsaðila breytast vegna nýrrar lagasetningar, breytinga á gildandi reglum, eða verulegum breytingum í fjármögnun þeirra.

Samningurinn gildir í fimm ár frá undirritun. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum með samþykki samningsaðila. Endurskoðun samningsins hefst ári fyrir lok gildistíma hans.

Reykjavík, 3. desember 2012



Kristín Ingólfssdóttir
rektor Háskóla Íslands



Björn Zoëga
forstjóri Landspítala

Bókanir/sérákvæði.

1. Aðilar eru sammála um þá túlkun, að sameiginlegir starfsmenn sem eru í minnst 70% starfi á LSH og minnst 50% starfi við HÍ, njóti fullra réttinda sem háskólastarfsmenn, s.s. er varðar starfsmat og sókn í vísindasjóði. Þannig verði stefnt að því að störf sem þessir menn inna af hendi við stjórnun og þjónustu á Landspítala verði metin skv. matsreglum HÍ á sama hátt og þau hefðu verið unnin hjá HÍ.
2. Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að þróun kennsluaðstöðu er taki mið af áherslubreytingum í heilbrigðisþjónustu, s.s. fækkun legurýma og aukinni dag- og göngudeildarþjónustu. Jafnframt verði lögð áhersla á þverfaglega göngudeildarþjónustu, stefnt að stofnun sérstakra nemendagöngudeilda þar sem nemendur í flestum greinum heilbrigðisvísinda starfi saman að greiningu, meðferð og umönnun sjúklinga, allt eftir eðli vandamála sem til meðferðar eru.
3. Í vísindastarfi munu aðilar kappkosta að ná sem bestum árangri með samvinnu og samræmingu. Stefnt skal að eflingu og stækkun rannsóknahópa, að hvetja til eflingar samkeppnissjóða á Íslandi, hvetja til og skapa aðstöðu til aukinnar sóknar í þá, m.a. með auknu erlendu samstarfi sem og samstarfi við innlendar rannsóknastofnanir.

10. Listi yfir einstök fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1

Starfsreglur og erindisbréf Hugverkanefndar HÍ og LSH.

Fylgiskjal 2

Reglur um viðurkenningu Háskóla Íslands á akademísku hæfi starfsmanna á Landspítala og veitingu akademískrar nafnbótar, nr. 212/2011.

Fylgiskjal 3

Sameiginlegir skilmálar HÍ og LSH um réttindi og skyldur nemenda.

Fylgiskjal 4

Reglur um verklag varðandi málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúsi, nr. 385/2003.

Fylgiskjal 5

Fagráð hjúkrunar.